

Tilmæli 28/2018 og tilmæli 29/2018/velfærd D 2021

Fyrri skjalsnúmer	A 1735/velfærd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um
Pólitískt samráð um Jafnrétti á vinnumarkaði

Tillaga

Norræna velferðarnefndin Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð telji, að loknu samráði, að tilmæli [28/2018 og tilmæli 29/2018](#) & ~~Rek. 29/2018~~ séu *endanlega afgreidd*

Skýringar

Formaður og varaformaður Norrænu velferðarnefndarinnar áttu pólitískt samráð við formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A), Peter Hummelgaard, atvinnu- og jafnréttisráðherra, þann 29. október 2020. Samráðið snérist um tilmæli Norðurlandaráðs um norræna jafnlaunavottun, á grundvelli eftirfarandi tilmæla:

28/ 2018: Norðurlandaráð beinir tilmælum til **norrænu ríkisstjórnanna** um

- að þær íhugi hvort hægt sé að skapa samnorræna jafnlaunavottun;
- að þær vinni markvisst að auknu jafnrétti á vinnumarkaði með því að draga úr kynjaskiptingu á vinnumarkaði og kynjuðu námsvali;
- að þær stuðli að því að fullt starf sé reglan á öllum vinnumarkaðinum.

29/ 2018: Norðurlandaráð beinir tilmælum til **Norrænu ráðherranefndarinnar** um

- að aðstoða norrænu ríkisstjórnirnar við gerð samnorrænnar jafnlaunavottunar/gæðamerkingar sem tekur til samverkandi áhrifa fleiri þátta;
- að miðla markvisst milli Norðurlanda góðum dæmum um aðgerðir til að sporna gegn kynjuðu námsvali í því skyni að forðast of mikla kynjaskiptingu á vinnumarkaði;
- að miðla milli Norðurlanda góðum dæmum um aukin tækifæri til að velja fullt starf í stað hlutastarfs.



Pólitískt samráð

Ráðherrann gekkst við því að launajöfnuður sé vandamál á Norðurlöndum sem að miklu leyti megi skýra með kynjaskiptum vinnumarkaði.

Ráðherrann upplýsti að skipuð hafi verið sænsk jafnlaunanevnd (Kommission för jämställda livsinkomster) sem á að skoða mismunandi líkön fyrir gegnsæi í launamyndun og hvernig ýmis módel, t.d. frá Þýskalandi, geti orðið innblástur í starfi að sömu launum fyrir sömu störf. Hluti af verkefni nefndarinnar er að greina íslensku jafnlaunavottunina en einnig að greina breska og þýska líkanið um launagegnsæi. Sjónum er beint að því hvernig hægt er að aðlaga þessi módel að aðstæðum í Svíþjóð og hvaða árangur og afleiðingar það myndi hafa.

Ráðherrann vísaði einnig til VIVE í Danmörku (Det Nationale Forsknings- og Analysecenter for Velfærd) sem hefur birt skýrslu sem ályktar að kynjaskiptum vinnumarkaði fylgi ójafnari laun en til þessa hefur verið álitid. Þetta tengist m.a. því sem einnig kemur fram í skýrslunni, að því fleiri konur sem starfa við tiltekin störf því lægri eru launin. Þetta á við bæði almennan og opinberan vinnumarkað.

Ráðherrann benti einnig á að norrænu löndin þurfa mismunandi tól til að styðja við launajöfnuð. Í Noregi kom til dæmis út skýrsla 2018 um jafnlaunastaðla í Noregi séða í ljósi íslenska kerfisins. Þar er m.a. bent á að ólík samningamódel séu hindrun fyrir svipaða staðla í Noregi.

Þá endurtók ráðherrann svar Norrænu ráðherranefndarinnar um að bíða eftir nefndum úttektum áður en tekin verði afstaða til þess hvernig best sé að vinna að launajöfnuði á Norðurlöndum.

Sjónarmið nefndarinnar

Í pólitísku samráði lagði nefndin áherslu á að á Norðurlöndum er augljós og brýn þörf á róttækum og skilvirkum aðgerðum til að koma á jafnrétti.

Frá árinu 2018 hefur Norðurlandaráð - í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins - lagt til að þróuð verði samnorræn jafnlaunavottun. Á fundinum lagði nefndin áherslu á að talið er gerlegt að grípa til aðgerða og vinna að norrænni jafnlaunavottun á vinnustaðum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, sem vinnustaðir á Norðurlöndum geti nýtt sér af fúsum og frjálsum vilja.

Nefndin telur ekki nauðsynlegt að bíða fullrar innleiðingar á jafnlaunavottuninni á Íslandi (samkvæmt áætlun verður það í árslok 2021) því reynsla tilraunatímabilsins hafi þegar sýnt jákvæð áhrif. Vinna að samnorrænni jafnlaunavottun getur því hafist á ágætlega upplýstum grunni.

Dæmi um norræna vottun er Svansmerkið, sem er umhverfissvottun á vörum og er notað á öllum Norðurlöndunum. Sambærileg vottun fyrir norræna vinnustaði gæti einmitt tekið mið af þessari hugmynd og þar með stuðlað að því að gæðatryggja vinnustaði með tilliti til jafnræðis. Vinnustaðir geta auk þess notað jafnlaunavottun til



að vekja athygli viðskiptavina, samstarfsaðila og núverandi og mögulegra starfsmanna á félagslegri ábyrgð vinnustaðarins og nýtt hana þannig við ráðningar og í samkeppnisaugnamiði.

Þá ítrekaði nefndin að tillagan um að vinna að norrænni vottun um launajöfnuð á vinnustöðum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins byggist á *valfrjálsri nálgun*, sem vinnustaðir á Norðurlöndum gætu hæglega nýtt sér í viðleitni til að ná jafnrétti á vinnumarkaði.

Að loknu samráði telur nefndin að tilmæli [28/2018 og tilmæli 2928/2018 & Rek. 29/2018](#) séu endanlega afgreidd.

Norðurlöndum 28. júní 2021

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Høgni Hoydal (T)

Jaspur Langgaard, (Sb)

Johan Andersson (S)

Kaisa Juuso (saf)

Liselott Blixt (DF)

Maria Stockhaus (M)

Nina Sandberg (A)

Outi Alanko-Kahiluoto (gröna)

Per-Arne Håkansson (S)

Sjúrdur Skaale (Jvfl)

Solveig Horne (FrP)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)

Wille Valve (MSÁ)